

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/27/02

frá 29. desember 2000

um tilskildar eftirlitsráðstafanir við framkvæmd á ákvörðun ráðsins 2000/766/EB um tilteknar
verndarráðstafanir vegna smitandi heilahrönnunar og notkun dýrapróttína
í fódri (*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 4412)

(2001/9/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE, einkum 4. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁴⁾, einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun ráðsins 2000/766/EB frá 4. desember 2000 um tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi heilahrönnunar og notkun dýrapróttína í fódri ⁽⁵⁾ er bannað að nota unnið dýrapróttín sem fóður fyrir tiltekin húsdýr. Með skilyrðum, sem setja skal, gildir bannið ekki um notkun tiltekinna, unninna dýrapróttína.
- 2) Hinn 26. júní 1998 samþykkti vísindastýrningin (SSC) álit um öryggi tvíkalsíumfosfats sem er unnið úr beinum jörturdýra með útfellingu. Vísindastýrningin uppfærði álitin 26. og 27. október 2000. Til að hægt sé að taka tillit til þessa vísindalega álits er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um framleiðslu tvíkalsíumfosfats.
- 3) Hinn 22. og 23. október 1998 samþykkti vísindastýrningin álit um öryggi vatnsrofinna próttína sem eru framleidd úr nautgripahúðum. Vísindastýrningin uppfærði álitin 25. og 26. maí 2000. Til að hægt sé að taka tillit til þessa vísindalega álits er nauðsynlegt að

mæla fyrir um kröfur um framleiðslu vatnsrofinna próttína. Vísindastýrningin lýsti því yfir að fyrir fullunna vöru mætti nota 10 000 daltona hámarks-mólmassa sem vísbendi um skilvirkni framleiðsluferlisins.

- 4) Samkvæmt ákvörðun 2000/766/EB geta aðildarríkin leyft að markaðssetja, versla með, flytja inn og flytja út unnin dýrapróttín sem ætluð eru dýrum sem eru ekki alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu. Nauðsynlegt er að setja skilyrði sem tryggja að ekki sé hægt að nota slík próttín í tilgangi sem leyfi hefur ekki fengist fyrir.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkin skulu eingöngu leyfa notkun fiskimjöls sem fóður fyrir önnur dýr en jörturdýr ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, eru uppfyllt.
2. Aðildarríkin skulu eingöngu leyfa notkun tvíkalsíumfosfats sem fóður fyrir önnur dýr en jörturdýr ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, eru uppfyllt.
3. Aðildarríkin skulu eingöngu leyfa notkun vatnsrofinna próttína sem fóður fyrir önnur dýr en jörturdýr ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, eru uppfyllt.
4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í tengslum við viðskipti fylgi opinbert vottorð tvíkalsíumfosfati og vatnsrofnun próttínunum eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka.
5. Aðildarríkin skulu senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan 15 daga eftir gildistöku þessarar ákvörðunar, skrá yfir viðurkenndar vinnsluöðvar sem framleiða fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat og vatnsrofin próttín og starfa í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun. Tilkynna skal hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni tafarlaust um allar breytingar á skránni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 51, 9.10.2003, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 306, 7.12.2000, bls. 32.

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fóður, þ.m.t. gæludýrafóður, sem inniheldur unnin dýraprótein, sem eru skilgreind í ákvörðun 2000/766/EB, þó ekki fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat eða vatnsrofin prótein sem eru ætluð dýrum sem ekki eru alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu, sé framleitt í stöðvum sem framleiða eingöngu fóður fyrir þessi dýr.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að senda hinum aðildarríkjunum unnin dýraprótein, sem eru skilgreind í ákvörðun 2000/766/EB, svo fremi þau séu ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar og eingöngu ef eftirtalin viðbótarskilyrði eru uppfyllt:

- viðtökuaðildarríkið verður að hafa heimilað að tekið sé á móti unnum dýrapróteinum,
- unnum dýrapróteinum skal fylgja opinbert vottorð skv. V. viðauka,
- unnin dýraprótein verður að flytja í innsigliðum, lokuðum gámum eða ökutækjum þannig að ekkert fari forgörðum og rakleiðis í viðkomandi gæludýra- eða fóðurstöðvar,
- aðildarríki, sem senda unnin dýraprótein til annarra aðildarríkja, verða að tilkynna lögbæru yfirvaldi, með því að nota Animo-tölvukerfið⁽¹⁾, um viðtökustað hvernar vörusendingar. Í Animo-tilkynningunni verður að standa „ekki til nota sem fóður fyrir húsdýr sem eru alin og ræktuð til matvælaframleiðslu“,
- viðtökuaðildarríki verða að tilkynna lögbæru yfirvaldi á upprunastað, með því að nota Animo-tölvukerfið, um komu hvernar vörusendingar. Ef þessar upplýsingar eru ekki veittar verða upprunaaðildarríki þegar í stað að grípa til viðeigandi aðgerðar,
- viðtökuaðildarríki verða að sjá til þess að viðkomandi fóðurstöðvar á yfirráðasvæði þeirra noti sendinguna eingöngu í tilgangi sem leyfi hefur fengist fyrir.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að flytja út til þriðju landa unnin dýraprótein, sem eru skilgreind í ákvörðun 2000/766/EB, svo fremi þau séu ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar og eingöngu ef eftirtalin viðbótarskilyrði eru uppfyllt:

- áður en útflutningur á sér stað skal gera tvíhliða samning við þriðja land, sem felur í sér að þriðja landið skuldbindur sig til að taka tillit til endanlegrar notkunar og til að flytja ekki út unnið dýraprótein nema það sé efnishluti í afurð sem er ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/766/EB,
- unnum dýrapróteinum skal fylgja opinbert vottorð skv. V. viðauka.

Aðildarríki, sem leyfa slíkan útflutning, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum á vettvangi fastanefndarinnar um dýraheilbrigði um alla skilmála og skilyrði sem samið hefur verið um við hlutaðeigandi þriðja land varðandi skilvirka framkvæmd á ákvæðum þessarar ákvörðunar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innflutt, unnin dýraprótein, sem eru skilgreind í tilskipun 2000/766/EB og ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar, séu meðhöndluð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB⁽²⁾.

4. Aðildarríkin skulu láta fara fram sannpröfun skjala og prófanir á fóðurefnum og fóðurböndum á öllu framleiðslu- og dreifingarferlinu til að tryggja samræmi við ákvæði þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2000/766/EB. Eftirlit þetta og prófanir skal m.a. fara fram á býlum þar sem jörturdýr eru haldin ásamt öðrum dýrategundum. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður úr þessu eftirliti eigi síðar en 31. maí 2001.

5. Frekari eftirlitsráðstafanir, sem eru settar fram í 1., 2. og 3. mgr., gilda ekki um:

- gæludýrafóður, sem um getur í 4. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, eða
- afurðir, sem skv. 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2000/766/EB, eru undanþegnar banni, sem sett er með 1. mgr. 2. gr. þeirrar ákvörðunar, svo fremi þær uppfylli, eftir atvikum, skilyrðin sem sett eru fram í I. til III. viðauka við þessa ákvörðun.

6. Frekari eftirlitsráðstafanir, sem eru settar fram í 1. mgr., gilda ekki um unnin dýraprótein sem um getur í 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/735/EB⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 1999/534/EB⁽⁴⁾.

4. gr.

Ákvæði 2. gr. ákvörðunar 97/735/EB gilda ekki um sendingar af unnu dýrapróteini ef þeim fylgir heilbrigðisvottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2001.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398/EBE (Stjtið. EB L 221, 9.8.1991, bls. 30).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 294, 28.10.1997, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 204, 4.8.1999, bls. 37.

I. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 1. GR.

1. Framleiða skal fiskimjöl í vinnslustöðvum sem eingöngu framleiða fiskimjöl og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/667/EBE.
2. Áður en vörusendingar af innfluttu fiskimjöli eru leystar út til frjálsrar dreifingar á yfirráðasvæði Bandalagsins skal greina hverja þeirra í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/88/EB⁽¹⁾.
3. Flytja skal fiskimjöl beint úr vinnslustöðvum í starfsstöðvar, sem framleiða fóður, með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis annað fóður. Ef ökutækið er notað síðar til að flytja aðrar afurðir skal hreinsa það vandlega og skoða það á undan og eftir að það er notað til að flytja fiskimjöl.
4. Í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal flytja fiskimjöl beint frá skoðunarstöðvum á landamærum til starfsstöðva, sem framleiða fóður, með ökutækjum sem ekki eru notuð samtímis til að flytja annað fóður. Ef ökutækið er notað síðar til að flytja aðrar afurðir skal hreinsa það vandlega og skoða það á undan og eftir að það er notað til að flytja fiskimjöl.
5. Þrátt fyrir 3. og 4. lið er tímabundin geymsla fiskimjöls því aðeins leyfð að það sé geymt í sérstökum geymslustöðvum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.
6. Eingöngu er heimilt að framleiða fóður, sem inniheldur fiskimjöl, í fóðurstöðvum sem framleiða ekki fóður fyrir jörturdýr og lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft að fóður fyrir jörturdýr sé framleitt í fóðurstöðvum sem einnig framleiða fóður, sem inniheldur fiskimjöl, fyrir aðrar tegundir dýra með því skilyrði:

- að flutningi og geymslu fôðurs, sem ætlað er jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu frá fôðri sem bannað er að gefa jörturdýrum, og
 - að geymslu, flutningi, framleiðslu og aðstöðu til þökkunar á fóðurböndum, sem ætlaðar eru jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu, og
 - að lögbært yfirvald hafi aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á fiskimjöli og sölu á fôðri, sem inniheldur fiskimjöl, og
 - að fram fari venjubundnar prófanir á fôðri, sem ætlað er jörturdýrum, til að tryggja að ekki séu í þeim þau dýraprótein, sem skilgreind eru í 1. gr. ákvörðunar 2000/766/EB, sem eru bönnuð.
7. Á merkimiða fyrir fóður, sem inniheldur fiskimjöl, skal standa skýrum stöfum: „Inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jörturdýrum“.
 8. Flytja skal fóður í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis fóður fyrir jörturdýr. Ef ökutækið er notað síðar til að flytja aðrar afurðir skal hreinsa það vandlega og skoða það á undan og eftir að það er notað til að flytja fóður í lausu sem inniheldur fiskimjöl.
 9. Banna skal notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur fiskimjöl, þó ekki gæludýrafôðurs, sem um getur í 4. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, á býlum þar sem jörturdýr eru alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur fiskimjöl, á býlum þar sem jörturdýr eru haldin ef fullvist er að gerðar séu ráðstafanir á býlinu til að koma í veg fyrir að fóður, sem inniheldur fiskimjöl, sé gefið jörturdýrum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 318, 27.11.1998, bls. 45.

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM UM GETUR Í 2. MGR. 1. GR.

1. Framleiða skal tvíkalsíumfosfat í vinnslustöðvum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/667/EBE.
2. Tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum skal:
 - unnið úr beinum sem teljast hæf til manneldis eftir skoðun sem fer fram bæði fyrir og eftir slátrun,
 - framleitt með aðferð sem tryggir að allt efni úr beinum sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% lágmarksstyrkleika og pH-gildi < 1,5) í minnst tvo daga og síðan er kalki bætt í fosfórsýruvökvann, sem þá hefur myndast, sem leiðir til útfellingar tvíkalsíumfosfats við pH 4 til 7, sem að lokum er loftþurrkað við upphafshitastig, sem er 65 °C til 325 °C, og lokahitastig, sem er á bilinu 30 °C til 65 °C, eða með jafngildri aðferð sem er viðurkennd í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
3. Eingöngu er heimilt að framleiða fôður, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, í fôðurstöðvum sem framleiða ekki fôður fyrir jörturdýr og lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft að fôður fyrir jörturdýr sé framleitt í fôðurstöðvum sem einnig framleiða fôður, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, fyrir aðrar tegundir dýra með því skilyrði:

 - að flutningi og geymslu fôðurs, sem ætlað er jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu frá fôðri sem bannað er að gefa jörturdýrum, og
 - að geymslu, flutningi, framleiðslu og aðstöðu til þökkunar á fôðurlöndum, sem ætlaðar eru jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu, og
 - að lögbært yfirvald hafi aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á tvíkalsíumfosfati úr fituhreinsuðum beinum og sölu á fôðri, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, og
 - að fram fari venjubundnar prófanir á fôðri, sem ætlað er jörturdýrum, til að tryggja að ekki séu í þeim þau dýrapróttin, sem skilgreind eru í 1. gr. ákvörðunar 2000/766/EB, sem eru bönnuð.
4. Á merkimiða fyrir fôður, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, skal standa skýrum stöfum: „Inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum — má ekki gefa jörturdýrum“.
5. Flytja skal fôður í lausu, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis fôður fyrir jörturdýr. Ef ökutækið er notað síðar til að flytja aðrar afurðir skal hreinsa það vandlega og skoða það á undan og eftir að það er notað til að flytja fôður í lausu sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum.
6. Banna skal notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, þó ekki gæludýrafôðurs, sem um getur í 4. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, á býlum þar sem jörturdýr eru alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, á býlum þar sem jörturdýr eru haldin ef fullvíst er að gerðar séu ráðstafanir á býlinu til að koma í veg fyrir að fôður, sem inniheldur tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum, sé gefið jörturdýrum.

III. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM UM GETUR Í 3. MGR. 1. GR.

1. Vatnsrofin prótín úr húðum og skinnnum skulu:
 - unnin úr húðum og skinnnum af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og staðfesta skal að skrokkarnir teljist hæfir til manneldis eftir skoðun sem fer fram bæði fyrir og eftir slátrun,
 - framleidd með framleiðsluaðferð sem felur í sér viðeigandi ráðstafanir til að halda í lágmarki mengun húða og skinna og þar sem húðir og skinn eru meðhöndluð með söltun, kölkun og vandlegri skolun og síðan er efnið haft við sýrustig > 11 í > 3 klukkustundir við hita > 80 °C og á eftir fylgir hitameðferð við > 140 °C í 30 mínútur við > 3,6 bör eða með jafngildri framleiðsluaðferð sem er viðurkennd í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE,
 - framleidd í vinnslustöðvum sem eingöngu framleiða vatnsrofin prótín og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/667/EBE,
 - látin í sýnatöku eftir vinnslu og vera með mólmassa sem er undir 10 000 daltonum.
2. Eingöngu er heimilt að framleiða fôður, sem inniheldur vatnsrofin prótín, í fôðurstöðvum sem framleiða ekki fôður fyrir jörturdýr og lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft að fôður fyrir jörturdýr sé framleitt í fôðurstöðvum sem einnig framleiða fôður, sem inniheldur vatnsrofin prótín, fyrir aðrar tegundir dýra með því skilyrði:

 - að flutningi og geymslu fôðurs, sem ætlað er jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu frá fôðri sem bannað er að gefa jörturdýrum, og
 - að geymslu, flutningi, framleiðslu og aðstöðu til þökkunar á fôðurböndum, sem ætlaðar eru jörturdýrum, sé haldið alveg aðskildu, og
 - að lögbært yfirvald hafi aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á vatnsrofinum prótínnum og sölu á fôðri sem inniheldur vatnsrofin prótín, og
 - að fram fari venjubundnar prófanir á fôðri, sem ætlað er jörturdýrum, til að tryggja að ekki séu í þeim þau dýraprótein, sem skilgreind eru í 1. gr. ákvörðunar 2000/766/EB, sem eru bönnuð.
3. Á merkimiða fyrir fôður, sem inniheldur vatnsrofin prótín, skal standa skýrum stöfum: „Inniheldur vatnsrofin prótín — má ekki gefa jörturdýrum“.
4. Flytja skal fôður í lausu, sem inniheldur vatnsrofin prótín, með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis fôður fyrir jörturdýr. Ef ökutækið er notað síðar til að flytja aðrar afurðir skal hreinsa það vandlega og skoða það á undan og eftir að það er notað til að flytja fôður í lausu sem inniheldur vatnsrofin prótín.
5. Banna skal notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur vatnsrofin prótín, þó ekki gæludýrafôðurs, sem um getur í 4. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, á býlum þar sem jörturdýr eru alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu.

Þrátt fyrir þetta ákvæði getur lögbært yfirvald leyft notkun og geymslu fôðurs, sem inniheldur vatnsrofin prótín, á býlum þar sem jörturdýr eru haldin ef fullvist er að gerðar séu ráðstafanir á býlinu til að koma í veg fyrir að fôður, sem inniheldur vatnsrofin prótín, sé gefið jörturdýrum.

IV. VIÐAUKI

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

að því er varðar vatnsrofin prótín úr húðum og skinnum /tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum ⁽¹⁾ í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins

Tilvísunarnúmer heilbrigðisvottorðsins:

Viðtökuaðildarríki:

Upprunaaðildarríki:

Fagráðuneyti:

Skrifstofa sem gefur út vottorð:

I. Lýsing á sendingunni

Vatnsrofin prótín /tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum af ⁽¹⁾:

.....
(tegund)

Tegund pakkninga:

Fjöldi pakkninga:

Nettóþyngd:

Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar:

II. Uppruni sendingar

Heimilisfang og löggildingarnúmer vinnslustöðvar:

III. Viðtökustaður sendingar

Vatnsrofin prótín/tvíkalsíumfosfat úr fituhreinsuðum beinum ⁽¹⁾ verða send:

frá:

(fermingarstaður)

til:

(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki:

— gerð:

— skráningarnúmer eða heiti skips:

Innsigli snúmer:

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn og heimilisfang viðtakanda:


⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

IV. Heilbrigðisvottun

Undirritaður, opinber dýralæknir staðfestir að framangreind afurð:

- var framleidd í stöð sem er viðurkennd í samræmi við tilskipun 90/667/EBE,
- var framleidd í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka/III. viðauka ⁽¹⁾ við ákvörðun 2001/9/EB og að hana má ekki nota sem fôður fyrir jörturdýr,
- var látin í sýnatöku að því er varðar hverja framleiðslueiningu og að í ljós kom að mólmassi afurðar er undir 10 000 daltonum ⁽¹⁾.

Gjört í
(staður) (dagsetning)



.....
(undirritun opinbers dýralæknis) ⁽²⁾

.....
(nafn, menntun og titill, með hástöfum)

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Undirritun og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentstafirnir.

V. VIÐAUKI

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

að því er varðar unnin dýrapróttín, sem eru skilgreind í ákvörðun 2000/766/EB, þó ekki gæluðýrafóður, sem um getur í 4. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, og unnin dýrapróttín, sem eru skráð í 2. mgr. 2. gr. þeirrar ákvörðunar, ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/766/EB og ætluð fyrir viðskipti innan Bandalagsins eða útflutning til þriðju landa

Tilvísunarnúmer heilbrigðisvottorðsins:

Viðtökuland:

Upprunaaðildarríki:

Fagráðuneyti:

Skrifstofa sem gefur út vottorð:

I. Lýsing á sendingunni

Tegund af unnu dýrapróttíni eða afurð:

Unnið dýrapróttín af:

(tegund)

Tegund pakkninga:

Fjöldi pakkninga:

Nettóþyngd:

Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar:

II. Uppruni sendingar

Heimilisfang og löggildingarnúmer vinnslustöðvar:

.....

III. Viðtökustaður sendingar

Unnin dýrapróttín verða send

frá:

(fermingarstaður)

til:

(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki:

— gerð:

— skráningarnúmer eða heiti skips:

Innsiglisnúmer:

Nafn og heimilisfang sendanda:


Nafn og heimilisfang viðtakanda:

IV. Heilbrigðisvottun

Undirritaður, opinber dýralæknir, staðfestir að framangreind afurð:

- var framleidd í stöð sem er viðurkennd í samræmi við tilskipun 90/667/EBE,
- inniheldur unnin dýraprótein, sem eru skilgreind í ákvörðun 2000/766/EB, og bannað er að nota sem fóður fyrir húsdýr sem eru alin og ræktuð til matvælaframleiðslu.

Gjört í
(staður) (dagsetning)



.....
(undirritun opinbers dýralæknis) (1)

.....
(nafn, menntun og titill, með hástöfum)

(1) Undirritun og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentstafirnir.